

Verkefnið eflir þátttöku barna í menningarstarfi og veitir börnum og ungmönnum tækifæri á að skapa, miðla og upplifa menningu á eigin forsendum. Útsetningar ÖG hafa í gegn um árin miðað að því að kynna fjölbreytta tónlist fyrir nemendum og gefa þeim tækifæri á að flytja þá tónlist í hljómsveitarbúningi á opinberum tónleikum.

Efnisskráin er fullmótuð og æfingar á verkunum hófust í lok síðasta árs. Okkur er því ekkert að vanbúnaði að hrinda þessum tónleikum af stokkunum.